

undanþegið skatti, samkvæmt 9. gr. tekjuskattslaganna 14. desbr. 1877, einsog hingað til hafi verið álitid. 122  
12. des.

Fyrir því skal yður til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það er rjettur skilningur á 9. gr. tekjuskattslaganna, sbr. orðin »sjóðir, sem stofnaðir eru til almennra þarfa«, að afgjaldið af jörðinni Vallarhjáleigu sje undanþegið tekjuskatti, að svo miklu leyti sem jörð þessi er eign barnaskólans í Stokkseyrarhreppi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um fyrirframborgun gjalda fyrir lögtaksgjörðir. - - Með þóknanlegu brjefti, dags. 24. f. m., hafið þjer, herra amtmáður, að partil gefnu tilefni frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, beiðzt úrlausnar minnar um það, hvort gjöld til stefnuvotta fyrir birting lögtaksúrskurðar samkvæmt 4. gr. laga 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, og yfir höfuð gjöld til votta við lögtaksgjörðir sju eigi innifalin í gjöldum þeim fyrir lögtaksgjörðir, sem ákveðið er um í byrjun 7. gr. nefndra laga, að eigi megi heimta þau greidd fyrir fram. 123  
31. des.

Fyrir því læt jeg eigi hjá líða, að tjá yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg ætla eigi að borgun til stefnuvotta fyrir birting lögtaksúrskurðar verði í sambandi því, sem hjer er um að ræða, talin innifalin í gjöldum fyrir lögtaksgjörðina, og að það því aðeins sje gjaldið til fógeta eða hreppstjóra og lögtaksvotta, sem eigi megi krefjast fyrirfram samkvæmt ofan nefndri lagaákvörðun.

#### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

10. gr. C. 4.

Samkvæmt tillögum amtmannsins yfir norður- og austuramtinu fyrir hönd amtsráðsins þar var af þeim 1500 kr., sem getur um í Stj.tíð. þ. á. B. bls. 107, styrkur veittur 16 búnaðar- og framfarafjelögum í amtinu, svo sem hjer segir:

1.	Búnaðarfjelaði Torfalækjarhrepps . . . .	kr. 207,50
2.	— Svinavatnshrepps . . . .	— 193,00
3.	— Sauðárhrepps . . . .	— 146,60
4.	— Hofshrepps . . . .	— 126,90
5.	Framfarafjelaði Svarfdælinga . . . .	— 56,80
6.	— Arnarnesshrepps . . . .	— 187,20
7.	Búnaðarfjelaði Bægisárprestakalls . . . .	— 17,70
8.	Framfarafjelaði Glæsibæjarhrepps . . . .	— 142,00
9.	— Öngulstaðahrepps . . . .	— 11,50
10.	— Saurbæjarhrepps . . . .	— 38,00
11.	— Grýtubakkahrepps . . . .	— 53,60
12.	Búnaðarfjelaði Ljósavatnshrepps . . . .	— 55,60
13.	Jarðabótafjelaði Helgastaðahrepps . . . .	— 111,30
14.	Búnaðarfjelaði Jökulsárhlíðar . . . .	— 45,80
15.	— Hjaltastaðahrepps . . . .	— 41,60
16.	— Fljótsdælinga . . . .	— 41,60
		kr. 1476,70

10. gr. C. 5.

Veittar alls 14700 kr. til vegagjörðar frá Föelluvötnum áleiðis til Reykjavíkur árið 1887.

16. gr. 14.

Bóksala Sigurði Kristjánssyni veittur 240 kr. styrkur til að gefa út kennslubók í sjómannafræði, þýdda af skipstjóra Markúsi Bjarnasyni.